



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um samþykki skóla- og frístundaráðs vegna flutnings leikskóla til árs eða lengur

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 8. apríl 2024, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Á fundi skóla- og frístundaráðs 27. nóvember 2023 var samþykkt að áframhald yrði á því leikskólarnir Árborg, Garðaborg og Grandaborg flyttu starfsemi sína á aðra starfstöð og að sá flutningur væri að minnsta kosti í gildi til 1. mars 2025. Núna liggur fyrir að seinkanir hafa orðið á framkvæmdum á húsnæði leikskólans Grandaborg og leikskólanum hefur verið lokað fram til haustsins 2025 að minnsta kosti. Fyrir liggur einnig að núna sé gert ráð fyrir að leikskólinn Garðaborg geti aftur hafið starfsemi í sínu hefðbundna húsnæði í ársbyrjun 2025. Á hinn bóginn er útlit fyrir að húsnæðið á lóð leikskólans Árborgar verði ekki tilbúið fyrr en í árslok 2025. Af þessum ástæðum er spurt hvort ekki sé þörf á því að skóla- og frístundaráð samþykki sérstaklega að leikskólinn Árborg hafi starfsemi sína annars staðar en í sínu hefðbundna húsnæði fram til ársloka 2025? Að breyttum breytanda er spurt hvort ekki þurfi slíkar sérstakar samþykktir ráðsins fyrir aðra leikskóla þar sem gert er ráð fyrir að þeir verði lokaður í sínu hefðbundna húsnæði í meira en 12 mánuði?

Svar:

Gert er ráð fyrir að Garðaborg geti aftur hafið starfsemi í sínu hefðbundna húsnæði í ársbyrjun 2025 en nú liggur fyrir samþykki skóla- og frístundaráðs og borgarráðs staðsetningarinnar til 1. mars 2025.

Gert er ráð fyrir að Árborg geti hafið starfsemi í sínu hefðbundna húsnæði vorið 2025 en nú liggur fyrir samþykki skóla- og frístundaráðs og borgarráðs staðsetningarinnar til 1. mars 2025. Óskað verður samþykkis í skóla- og frístundaráði og borgarráði um framlengingu á tímabundinni staðsetningu Árborgar í Selásskóla ef þörf verður á.

Gert er ráð fyrir að Grandaborg geti aftur hafið starfsemi í sínu hefðbundna húsnæði um mitt ár 2025 en nú liggur fyrir samþykki skóla- og frístundaráðs og borgarráðs staðsetningarinnar til 1. mars 2025. Samþykkt hefur verið að leggja Grandaborg tímabundið niður eða frá 1. september 2024 til 1. september 2025 eða þegar að húsnæði leikskólans við Boðagrandu 1 verður tilbúið.



Reykjavíkurborg

Ef í ljós kemur að tímabundin staðsetning þarf að ná til lengri tíma en þegar hefur verið samþykkt eða í ljós kemur að færa þurfi staðsetningu til lengri tíma en eins árs verður óskað samþykkis í skóla- og frístundaráði og borgarráði.

Ennfremur eru nokkrir leikskólar á leið í tímabundið húsnæði vegna framkvæmda og verður óskað leyfis fyrir þá ef fyrir séð er að framkvæmdartíminn fari yfir 12 mánuði.